

Borgarráð

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um fundi borgarstjóra og formanns borgarráðs með ráðuneytum og opinberum stofnunum

Á fundi borgarráðs þann 16. júlí 2015 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að minnispunktar og aðrar upplýsingar vegna funda sem borgarstjóri og formaður borgarráðs eiga við ráðuneyti og opinberar stofnanir verði lagðar fram í borgarráði á fyrsta mögulega fundi ráðsins. Með sama hætti verði sambærilegar upplýsingar lagðar fram í fagráðum þar sem formenn og sviðsstjórar hafa fundað með opinberum aðilum.

Lagt er til að borgarráð samþykki svohljóðandi breytingartillögu:

Minnispunktar á fundum borgarstjóra Reykjavíkur og staðgengla hans með fulltrúum stjórnvalda eru skráðir skv. hjálagðri verklagsreglu. Verklagsreglan tekur til funda með ráðherrum og ef þurfa þykir með framkvæmdastjórum sveitarfélaga og forstöðumönnum stofnana. Hún tekur einnig til funda með erlendum sendiherrum og erlendum bæjar- og borgarstjórum eftir því sem við á skv. ákvörðun borgarstjóra.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Verklagsregla skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um fundi borgarstjóra með fulltrúum stjórnvalda.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara - Verklagsregla:

Fundir borgarstjóra með fulltrúum stjórnvalda

1. Tilgangur og gildissvið

Verklagsreglan felur í sér lýsingu á vinnulagi við skráningu minnispunkta á fundum borgarstjórans í Reykjavík og staðgengla hans með fulltrúum stjórnvalda. Verklagsreglan tekur til funda með ráðherrum og ef þurfa þykir með framkvæmdastjórum sveitarfélaga og forstöðumönnum stofnana. Hún tekur einnig til funda með erlendum sendiherrum og erlendum bæjar- og borgarstjórum eftir því sem við á skv. ákvörðun borgarstjóra.

Tilgangur verklagsreglunnar er að tryggja að minnispunktar um það sem fram fer á fundum borgarstjóra með fulltrúum séu stjórnvalda skráðir og skjalaðir.

2. Ábyrgð

Skrifstofustjóri ber ábyrgð á verklagsreglunni og að unnið sé samkvæmt henni. Borgarritari ber ábyrgð á að teknir séu minnispunktar þegar fundað er, hvort sem er í húsakynnum Reykjavíkurborgar eða utanhúss, og þeir sendir til skrifstofufulltrúa á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (SBB) sem ber ábyrgð á úrvinnslu.

3. Framkvæmd

1. Skrifstofufulltrúi stofnar árlega mál í skjalavistunarkerfi nefnt „Fundir borgarstjóra með fulltrúum stjórnvalda 20xx“. Málið skal læst fyrir öðrum en starfsmönnum SBB sem sinna erindum og innri endurskoðun.
2. Minnispunktar á fundum borgarstjóra með fulltrúum stjórnvalda eru skráðir og sendir til skrifstofufulltrúa á skrifstofu SBB. Það ber að tilkynna við upphaf fundar að teknir verði minnispunktar og í þeim tilvikum sem fundir eru haldnir í húsakynnum Reykjavíkurborgar eru þeir sendir til fulltrúa hins stjórnvaldsins til yfirlestrar. Punktarnir eru vinnuskjal og því undanþegnir upplýsingaskyldu (sbr. 6. gr. 1. mgr. 2. og 5 t.l. og 8. gr. 2. mgr. 2.tl. upplýsingalaga nr. 140/2012).
3. Skrifstofufulltrúi stofnar viðkomandi stjórnvald sem tengilið undir málinu og setur minnispunktana undir tengiliðinn.
4. Skrifstofufulltrúi sendir borgarstjóra minnispunkta og biður um staðfestingu. Dagskrárfulltrúi setur á dagskrá dagskrárfundar að fá staðfestingu á minnispunktum ef því er ekki áður lokið.
5. Skrifstofufulltrúi sendir viðkomandi stjórnvaldi minnispunktana, afrit til þess sem ritaði fundarpunkta, og biður um að mögulegar athugasemdir verði gerðar innan fjórtán daga. Skrifstofufulltrúi skjalar tölvupóstssamskipti við viðkomandi stjórnvald um minnispunktana.
6. Mánaðarlega er listi yfir fundi borgarstjóra með fulltrúum stjórnvalda sendir til skrifstofu borgarstjórnar.

4. Rýning skjals

Skrifstofustjóri og skrifstofufulltrúi bera ábyrgð á að rýna verklagsregluna árlega. Bera skal tillögur að breytingum undir skrifstofustjóra sem tekur ákvörðun um hvort þær verði samþykktar og verklagsreglan endurútfærin.

5. Tilvísanir